<b>Athugasemd:</b> Stjarna (*) næst gildi gefur til kynna sjálfvalda stillingu frá verksmiðju.	

## Cloud Connector

Atriði valmyndar	Lýsing
<b>Gera tengingar virkar/óvirkar</b>	VirkJa geymslu í skýjaþjónustu.

## Skýrslur

### Síða yfir stillingar valmyndar

Atriði valmyndar	Lýsing
<b>Stillingarsíða valmyndar</b>	Prenta skýrslu sem inniheldur valmyndir prentara.

## Tæki

Atriði valmyndar	Lýsing
<b>Upplýsingar um tæki</b>	Prenta skýrslu sem inniheldur upplýsingar um prentarann.
<b>Tölfræði tækis</b>	Prenta skýrslu um notkun prentarans og stöðu á rekstrarvörum.
<b>Listi yfir prófíla</b>	Prenta lista yfir prófíla sem eru vistaðir í prentaranum.
<b>Eignaskýrsla</b>	Prenta skýrslu sem inniheldur upplýsingar um raðnúmer og gerðarheiti.



## Prenta

Atriði valmyndar	Lýsing
Leturgerðir prentunar PCL-leturgerðir	Prenta sýnishorn og upplýsingar um leturgerðir sem eru tiltækar í hverju tungumáli prentarans.

## Flýttivísar

Atriði valmyndar	Lýsing
Allir flýttivísar	Prenta skýrslu sem sýnir alla flýttivísa sem eru vistaðir í prentaranum.
Flýttivísar fax	
Flýttivísar afritunar	
Flýttivísar tölvupósts	
Flýttivísar FTP	
Flýttivísar möppu á neti	

## Fax

**Athugasemd:** Þessi valmynd birtist aðeins ef fax er uppsett, og Virkja atvikaskrá er stillt á Kveikt.

Atriði valmyndar	Lýsing
Atvikaskrá faxverka	Prenta skýrslu yfir síðustu 200 faxverk sem lokið var við.
Atvikaskrá faxhringinga	Prenta skýrslu sem er með upplýsingar um síðustu 100 reyndu, mótteknu og lokuðu hringingar.

## Netkerfi

Atriði valmyndar	Lýsing
Uppsetningarsíða netkerfis	Prenta síðu sem uppsett net og þráðlausar stillingar á prentara. <b>Athugasemd:</b> Þetta atriði valmyndar birtist aðeins í nettengdum prenturum eða prenturum sem eru tengdir prentþjónum.
Tengdir biðlarar Wi-Fi Direct	Prenta síðu sem sýnir lista yfir tæki sem eru tengd við prentarann með því að nota Wi-Fi Direct. <b>Athugasemd:</b> Þetta atriði valmyndar birtist aðeins þegar Virkja Wi-Fi Direct er stillt á Kveikt.

## Bilanaleit

Atriði valmyndar	Lýsing
Prenta gæðaprófunarsíður	Prenta sýnishornasíður til að finna og leiðrétta galla í prentgæðum.
Skanninn hreinsaður	Prenta leiðbeiningar hvernig hreinsa á skannann.

# Viðhald á prentaranum

## Athugun á stöðunni á hlutum og rekstrarvörum

1 Frá stjórnborðinu, farðu á:

**Stillingar > Skýrslur > Tæki > Tölfræði tækis**

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Athugaðu stöðuna á hlutum og rekstrarvörum í upplýsingakafla yfir rekstrarvörur á prentuðu síðunum.

## Stilla tilkynningar varðandi rekstrarvöru

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

**Athugasemdir:**

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Tilkynningar**.

3 Í valmynd fyrir rekstrarvöru, smelltu á **Sérstilla tilkynningar varðandi rekstrarvöru**.

4 Veldu tilkynningu fyrir hvert atriði rekstrarvöru.

5 Beittu breytingunum.

## Setja upp viðvaranir tölvupósts

Stilla prentarann til að senda viðvaranir í tölvupósti þegar birgðir eru litlar eða þegar verður að breyta pappír eða bæta við eða þegar það er pappírslækja.

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

**Athugasemdir:**

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Tilkynningar > Uppsetning á viðvörun tölvupósts**, og settu síðan upp stillingarnar.

**Athugasemd:** Hafðu samband við tölvupóstþjónustu þína til að fá frekari upplýsingar um SMTP-stillingar.

3 Smelltu á **Uppsetning á tölvupóstlista og viðvörunum**, og settu síðan upp stillingarnar.

4 Beittu breytingunum.

## Skoða skýrslur

1 Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:

**Stillingar > Skýrslur**

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Veldu skýrsluna sem þú vilt prenta.

## Pöntun á hlutum og rekstrarvörum

Til að panta rekstrarvörur í Bandaríkjunum, hafið samband við Lexmark í 1-800-539-6275 varðandi viðurkenndan dreifingaraðila á vottuðum rekstrarvörum fyrir Lexmark á þínu svæði. Í öðrum löndum eða svæðum, farið á [www.lexmark.com](http://www.lexmark.com) eða hafið samband við þann stað sem prentarinn var keyptur.

**Athugasemd:** Áætlun um endingu á rekstrarvörum prentara miðað við pöntun á venjulegan pappír í bréfa- eða A4-stærð.

**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Misbrestur á að viðhalda bestu frammistöðu prentara, eða við að skipta út hlutum og rekstrarvörum, getur valdið skemmdum á prentaranum.

## Nota upprunalega hluti og rekstarvörur frá Lexmark

Lexmark prentarinn þinn er hannaður til að virka best með upprunalegum hlutum og rekstrarvörum frá Lexmark. Notkun á rekstrarvörum eða hlutum frá þriðja aðila getur haft áhrif á afköst, áreiðanleika eða endingu prentarans og myndeyningar hans. Það getur einnig haft áhrif á gildi ábyrgðar. Ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir sem verða vegna notkunar á rekstrarvörum eða hlutum frá þriðja aðila. Allar vísanir á endingu eru hannaðar til að virka með rekstrarvörum eða hlutum frá Lexmark og geta því gefið ónákvæmar niðurstöður ef rekstrarvörur eða hlutir frá þriðja aðila eru notaðir. Notkun á hlutum myndeyningar umfram ætlaða endingu geta skaðað Lexmark-prentarann þinn eða tengda hluti.

**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Rekstrarvöru og íhluti án skilakerfis er hægt að endurstilla og endurframleiða. Hins vegar nær ábyrgð framleiðanda ekki yfir tjón sem stafar af rekstrarvörum eða íhlutum sem eru ekki upprunalegir. Endurstilling teljara á rekstrarvöru eða íhlutum án réttar endurvinnslu getur valdið skemmdum á prentara. Eftir endurstillingu á teljara fyrir rekstrarvöru eða íhlut getur prentari sýnt villu sem sýnir tilvist endurstilla hlutarins.

## Panta blekhylki

**Athugasemdir:**

- Áætluð ending blekhylkis er byggð á ISO/IEC 19752 staðlinum.
- Einstaklega lítil þekja um langan tíma kann að hafa neikvæð áhrif á raunverulega endingu.

## Blekhyli í skilakerfi Lexmark

Hlutur	Bandaríkin og Kanada	Evrópska efnahags-svæðið	Kyrrahafs-svæði Asíu	Latneska Ameríka	Afgangurinn af Evrópu, Mið-Austurlönd og Afríka	Ástralía og Nýja-Sjáláand
Blekhyli í skilakerfi Lexmark	B221000	B222000	B223000	B224000	B225000	B226000
Blekhyli í skilakerfi með mikið magn	B221H00	B222H00	B223H00	B224H00	B225H00	B226H00
Blekhyli í skilakerfi með mjög mikið magn	B221X00	B222X00	B223X00	B224X00	B225X00	B226X00

## Venjuleg blekhyli

Hlutur	Á heimsvísu
Blekhyli með mjög mikið magn	B220XA0

## Panta myndvals

Afar lítil þekja prentunar um lengri tíma getur hugsanlega valdið því að hlutir myndeyningar bili áður en prentlitur klárast.

Hlutur	Hlutanúmer
Myndeyningarsett	B220Z00

## Skipta um hluti og rekstrarvörur

### Skipt um blekhyli

- 1 Opnaðu hurð að framan.


**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Til að koma í veg fyrir skemmdir frá rafstöðuhleðslu, skaltu snerta einhvern sýnilegan málmramma í prentaranum áður en þú nálgast eða snertir innri hluta prentarans.



2 Fjarlægðu myndeinguna.




3 Fjarlægðu notaða blekhylikið úr myndeingunni.




4 Taktu nýja blekhylikið úr umbúðunum.


5 Hristu blekhylikið til að jafna prentlitinn.



6 Fjarlægðu þéttið og síðan lokið.



7 Settu nýja blekhylkið í myndeinguna.



8 Settu myndeinguna á sinn stað.



9 Lokaðu hurðinni.

## Skipt um myndvalsinn

1 Opnaðu hurð að framan.


**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Til að koma í veg fyrir skemmdir frá rafstöðuhleðslu, skaltu snerta einhvern sýnilegan málmramma í prentaranum áður en þú nálgast eða snertir innri hluta prentarans.



2 Fjarlægðu notaða myndeingarsettið.




3 Fjarlægðu blekhylikið úr notuðu myndeingunni.




4 Taktu nýju myndeinguna úr umbúðunum og settu síðan blekhylikið á sinn stað.

**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.

**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Snertu ekki myndvalsinn. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.




5 Settu nýja myndeiningarsettið á sinn stað.



6 Lokaðu hurðinni.


## Skipt um tvívirka (duplex) einingu

1 Fjarlægðu notuðu tvívirku eininguna (duplex).




2 Taktu nýja tvívirku eininguna úr umbúðunum.

3 Settu nýja tvívirku eininguna á sinn stað.




## Skipt um skúffuna

1 Fjarlægja notuðu skúffuna.





- 2 Taktu nýju skúffuna úr umbúðum.
- 3 Settu nýju skúffuna á sinn stað.



## Endurstilla teljara notkunar rekstrarvöru

- 1 Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:  
**Stillingar > Tæki > Viðhald > Valmynd uppsetningar > Notkun rekstrarvöru og teljarar**  
Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.
- 2 Veldu teljara rekstrarvöru sem á að endurstilla.

**Viðvörðun—hugsanleg hættu:** Rekstrarvöru og íhluti án skilakerfis er hægt að endurstilla og endurframleiða. Hins vegar nær ábyrgð framleiðanda ekki yfir tjón sem stafar af rekstrarvörum eða íhlutum sem eru ekki upprunalegir. Endurstilling teljara á rekstrarvöru eða íhlutum án réttar endurvinnslu getur valdið skemmdum á prentara. Eftir endurstillingu á teljara fyrir rekstrarvöru eða íhlut getur prentari sýnt villu sem sýnir tilvist endurstilla hlutarins.

## Hreinsun á hlutum prentarans

### Prentarinn hreinsaður

**⚠ VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti þegar verið er að þrifa prentarann að utan, taktu rafmagnssnúruna úr sambandi úr innstungunni og aftengdu allar snúrur frá prentaranum áður en haldið er áfram.

#### Athugasemdir:

- Framkvæmdu þetta verk á nokkurra mánaða fresti.
  - Skemmdir á prentaranum af völdum óviðeigandi meðhöndlunar fellur ekki undir ábyrgð prentarans.
- 1 Slökktu á prentaranum og taktu síðan rafmagnssnúruna úr sambandi við rafmagn.
  - 2 Fjarlægja pappír úr staðalbakka
  - 3 Fjarlægðu allt ryk, ló og pappírssnifsi í prentaranum með mjúkum burstu eða ryksugu.
  - 4 Þurrkaðu af prentaranum að utan með rökum mjúkum og lófríum klút.

#### Athugasemdir:

- Ekki nota hreinsiefni eða sápu, þar sem slík efni geta skemmt ytra byrði prentarans.


- Vertu viss um að öll svæði prentarans séu þurr eftir hreinsun.

5 Tengdu straumsnúruna við rafmagnsinnstunguna og síðan við prentarann.

**VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti tengið rafmagnssnúruna við innstungu með viðeigandi getu og rétta jarðtengingu sem er nálægt vörunni og auðveldlega aðgengileg.


## Skanninn hreinsaður

1 Opnaðu lokið á skannanum.



2 Notaðu rakan, mjúkan og lófrían klút, þurrkaðu af eftirfarandi svæðum:

- Gler á sjálfvirkum matara



- Púða fyrir sjálfvirkkan matara



- Gler á skanna



- Púða fyrir gler skannans



3 Lokaðu loki á skannanum.

## Hreinsun á snertiskjánum

**⚡ VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti þegar verið er að þrifa prentarann að utan, taktu rafmagnssnúruna úr sambandi úr innstungunni og aftengdu allar snúrun frá prentaranum áður en haldið er áfram.

- 1 Slökktu á prentaranum og taktu síðan rafmagnssnúruna úr sambandi við rafmagn.
- 2 Notaðu rakan, mjúkan og lófrían klút, þurrkaðu af snertiskjánum.

### Athugasemdir:

- Ekki nota hreinsiefni eða sápu, þar sem slík efni geta skemmt snertiskjáinn.
- Gangtu úr skugga um að snertiskjárinn sé þurr eftir hreinsunina.

- 3 Tengdu straumsnúruna við rafmagnsinnstunguna og kveiktu síðan á prentaranum.

**⚠ VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti tengið rafmagnssnúruna við innstungu með viðeigandi getu og rétta jarðtengingu sem er nálægt vörunni og auðveldlega aðgengileg.

# Spara orku og pappír

## Setja upp orkusparnaðarstillingar

### Svefnstilling

1 Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:

**Stillingar > Tæki > Orkustýring > Tímarof > Svefnstilling**

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Skrá tímalengd sem prentarinn er iðjulaus áður en hann fer í svefnstillingu.

### Stilling í dvala

1 Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:

**Stillingar > Tæki > Orkustýring > Tímarof > Tímarof dvala**

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Stilla tímalengd áður en prentarinn fer í stillingu fyrir dvala.

### Athugasemdir:

- Vertu viss um að vekja prentarann úr stillingu dvala áður en þú sendir prentverk.
- Ýttu á straumhnappinn til að vekja prentarann úr stillingu á dvala.
- Innbyggði vefþjónninn er óvirkur þegar prentarinn er í stillingu fyrir Dvala.

## Stilla birtustig á skjánum

**Athugasemd:** Þessi stilling er aðeins tiltæk í ákveðnum gerðum prentara.

1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Tæki > Kjörstillingar**.

2 Aðlagaðu stillinguna í valmynd fyrir birtustig á skjá.

## Spara rekstrarvörur




- Prentaðu á báðar hliðar á pappírnum.

**Athugasemd:** Prentun á báðar hliðar er sjálfvalin stilling í rekli prentarans.

- Prentaðu margar síður á eina pappírsörk.
- Notaðu eiginleika forskoðunar til að sjá hvernig skjalið lítur áður en það er prentað.
- Prentaðu eitt eintak af skjalinu til að athuga innihald þess og snið varðandi nákvæmni.

Prentarinn færður á aðra staðsetningu

## Prentarinn færður á aðra staðsetningu

-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Ef þyngd prentarans er meiri en 20 kg (44 lb), þá kann það að þarfnast tveggja eða fleiri manna til að lyfta honum á öruggan hátt.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti notið aðeins rafmagnssnúruna sem fylgdi með þessari vöru eða viðurkennda skiptivöru frá framleiðanda.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Fylgdu þessum leiðbeiningum þegar verið er að flytja prentarann til að koma í veg fyrir slys eða skemmdir á prentaranum:
- Gangið úr skugga um að allar hurðir og skúffur séu lokaðar.
  - Slökktu á prentaranum og taktu síðan rafmagnssnúruna úr sambandi við rafmagn.
  - Aftengdu allar snúrur og kapla frá prentaranum.
  - Ef prentarinn er með aðskildar viðbótarskúffur standandi á gólfi eða áfesta úttaksvalkosti, þá á að aftengja þá áður en prentarinn er fluttur.
  - Ef prentarinn er á hjólavagni, rúllið þá honum varlega á nýja staðinn. Sýnið aðgát þegar farið er yfir þröskulda og mishæðir í gólfi.
  - Ef prentarinn er ekki á hjólavagni en er uppsettur með viðbótarskúffum eða úttaksvalkostum, fjarlægðu úttaksvalkostina og lyftu honum af skúffunum. Reynið ekki að lyfta prentaranum og neinum valkostum samtímis.
  - Notið ávallt handföngin á prentaranum til að lyfta honum.
  - Sérhver vagn sem er notaður til að færa prentarann verður að vera fær um að styðja undir allan prentarann.
  - Sérhver vagn sem notaður er til að færa vélbúnaðarvalkosti verður að vera með yfirborð sem er fært um að bera búnaðinn.
  - Haldið prentaranum í uppréttri stöðu.
  - Varist allar harkalegar hreyfingar.
  - Gangið úr skugga um að fingurnir séu ekki undir prentarann þegar hann er settur niður.
  - Gangið úr skugga um að það sé fullnægjandi pláss í kringum prentarann.

**Athugasemd:** Skemmdir á prentaranum af völdum óviðeigandi tilfærslu fellur ekki undir ábyrgð prentarans.

## Flutningur á prentaranum

Varðandi flutningsupplýsingar, farðu á <http://support.lexmark.com> eða hafðu samband við þjónustu viðskiptavina.


# Leysa vandamál

## Vandamál varðandi prentgæði


Finndu myndina sem líkist vandamáli prentgæða sem þú ert með og smelltu síðan á tengilinn fyrir neðan hana til að lesa skref til lausnar vandanum.



[“Auðar eða hvítar síður” á síðu 143](#)




[“Dökk prentun” á síðu 144](#)



[“Fínar línur prentast ekki rétt” á síðu 146](#)



[“Brotinn eða krumpaður pappír” á síðu 147](#)




[“Grár bakgrunnur” á síðu 147](#)



[“Láréttar ljósar rendur” á síðu 157](#)



[“Rangar spássíur” á síðu 149](#)



[“Ljós prentun” á síðu 150](#)



[“Flekkótt prentun og punktar” á síðu 151](#)




[“Pappír krullast” á síðu 152](#)




[“Útprentun skáhallandi eða skökk” á síðu 154](#)




[“Endurteknir gallar” á síðu 162](#)




[“Heilar svartar síður” á síðu 155](#)




[“Skorið af texta eða myndum” á síðu 156](#)




[“Prentlitur nuddast auðveldlega af” á síðu 156](#)



[“Lóðréttar dökkr rákir” á síðu 160](#)



[“Lóðréttar dökkr línur eða rákir” á síðu 161](#)



[“Lóðréttar dökkr rákir með prentun sem vantar” á síðu 162](#)



[“Lóðréttar ljóssar rendur” á síðu 158](#)




[“Lóðréttar hvítar línur” á síðu 159](#)

## Vandamál við prentun

Prentgæði eru léleg

Auðar eða hvítar síður



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á

**OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.  <b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentarinn að prenta auðar eða hvítar síður?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeinguna.  <b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.  <b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeingunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Athugaðu myndvalsinn varðandi skemmdir.  <b>Athugasemd:</b> Athugaðu að ljósnæma tromlan sé ekki bogin eða í rangri staðsetningu.</p> <p><b>c</b> Hristu myndeinguna vel til að jafna prentduftið.</p> <p><b>d</b> Settu myndeinguna á sinn stað.</p> <p><b>e</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentarinn að prenta auðar eða hvítar síður?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p>Skiptu um blekhylki.</p> <p>Er prentarinn að prenta auðar eða hvítar síður?</p>	Farðu í skref 4.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 4</b></p> <p>Skiptu um myndeinguna.</p> <p>Er prentarinn að prenta auðar eða hvítar síður?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Dökk prentun



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á


**OK** til að fletta um stillingarnar.



Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.  <b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Slökktu á prentaranum, bíddu síðan í um það bil 10 sekúndur, og kveiktu á honum aftur.</p> <p><b>b</b> Draga úr svertustigi prentdufts. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:  <b>Stillingar &gt; Prentun &gt; Gæði &gt; Svertustig prentdufts.</b></p> <p><b>c</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.  <b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>• Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 4.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 4</b></p> <p>Athugaðu hvort pappírinn sé með áferð eða grófur.</p> <p>Erðu að prenta á pappír með áferð eða sem er grófur?</p>	Farðu í skref 5.	Farðu í skref 6.
<p><b>Skref 5</b></p> <p><b>a</b> Skiptu út pappír með áferð með venjulegum pappír.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 6.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 6</b></p> <p><b>a</b> Settu í pappír úr nýjum pakka.  <b>Athugasemd:</b> Pappírinn dregur til sín raka vegna þess að rakastig er hátt. Geymdu pappír í upphaflegum umbúðum þar til það á að nota hann.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 7.	Vandamálið er leyst.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 7</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeyninguna og settu inn aftur.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeyningunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Farðu í skref 8.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 8</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeyninguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin dökk?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Fínar línur prentast ekki rétt



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Prentast fínar línur ekki rétt?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Auka svertustig prentdufts</p> <p>Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:</p> <p><b>Stillingar &gt; Prentun &gt; Gæði &gt; Svertustig prentdufts.</b></p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Prentast fínar línur ekki rétt?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Brotinn eða krumpaður pappír



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn brotinn eða krumpaður?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Settu í pappír úr nýjum pakka.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Pappírinn dregur til sín raka vegna þess að rakastig er hátt. Geymdu pappír í upphaflegum umbúðum þar til það á að nota hann.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn brotinn eða krumpaður?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.</p> <p><b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn brotinn eða krumpaður?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Grár bakgrunnur



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Slökktu á prentaranum, bíddu síðan í um það bil 10 sekúndur, og kveiktu á honum aftur.</p> <p><b>b</b> Draga úr svertustigi prentdufts Frá stjórnborðinu skaltu fletta á: <b>Stillingar &gt; Prentun &gt; Gæði &gt; Svertustig prentdufts.</b></p> <p><b>c</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt. <b>Athugasemd:</b> Ef blekhylikið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar. <b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Farðu í skref 4.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeinguna og settu inn aftur. <b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun. <b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeingunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Farðu í skref 5.	Vandamálið er leyst.


Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 5</b></p> <p><b>a</b> Uppfæra fastbúnað prentarans. Varðandi frekari upplýsingar, sjá "<a href="#">Uppfæra fastbúnað</a>" á síðu 45.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Farðu í skref 6.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 6</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeyninguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtist grár bakgrunnur á útprintun?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Rangar spássíur



Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Stillið pappírsstýringar í rétta stöðu fyrir pappír sem var hlaðið.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru spássíur réttar?</p>	Vandamálið er leyst.	Farðu í skref 2.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Stilla pappírsstærðina. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á: <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappírsstærð/gerð</b></p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru spássíur réttar?</p>	Vandamálið er leyst.	Farðu í skref 3.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu pappírsstærð í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar. <b>Athugasemd:</b> Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru spássíur réttar?</p>	Vandamálið er leyst.	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .

## Ljós prentun



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyllki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Slökktu á prentaranum, bíddu síðan í um það bil 10 sekúndur, og kveiktu á honum aftur.</p> <p><b>b</b> Auka svertustig prentdufts</p> <p>Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:</p> <p><b>Stillingar &gt; Prentun &gt; Gæði &gt; Svertustig prentdufts.</b></p> <p><b>c</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.</p> <p><b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>• Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Farðu í skref 4.	Vandamálið er leyst.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu upplausn prentunar í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.</p> <p><b>b</b> Stílltu upplausnina á <b>600 dpi</b>.</p> <p><b>c</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Farðu í skref 5.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 5</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeinguna.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi getur valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeingunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Hristu myndeinguna vel til að jafna prentduftið.</p> <p><b>c</b> Settu myndeinguna á sinn stað.</p> <p><b>d</b> Slökktu á prentaranum, bíddu síðan í um það bil 10 sekúndur, og kveiktu á honum aftur.</p> <p><b>e</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Farðu í skref 6.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 6</b></p> <p><b>a</b> Athuga stöðuna á blekhylkinu. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á: <b>Stillingar &gt; Skýrslur &gt; Tæki &gt; Tölfræði tækis</b></p> <p><b>b</b> Athugaðu stöðuna á blekhylkinu í kafla upplýsingar um rekstrarvörur á prentuðu síðunum.</p> <p>Er blekhylkið að nálgast mörk líftíma?</p>	Farðu í skref 7.	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .
<p><b>Skref 7</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um blekhylki.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin ljós?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Flekkótt prentun og punktar



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin flekkótt?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p>Athugaði varðandi mengun vegna leka á prentlit.</p> <p>Er prentarinn laus við leka á prentlit?</p>	Farðu í skref 3.	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Athuga stöðuna á myndeiningunni.</p> <p>Frá stjórnborðinu skaltu fletta á:</p> <p><b>Stillingar &gt; Skýrslur &gt; Tæki &gt; Tölfræði tækis</b></p> <p><b>b</b> Athugaðu stöðuna á myndeiningunni í kafla upplýsingar um rekstrarvörur á prentuðu síðunum.</p> <p>Er myndvalsinn að nálgast mörk líftíma?</p>	Farðu í skref 4.	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeininguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentunin flekkótt?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Pappír krullast





Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort pappír sem var hlaðið sé studdur.  <b>Athugasemd:</b> Ef pappír er ekki studdur, settu í pappír sem er studdur.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyllki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.  <b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Færðu stýringar í skúffunni í rétta stöðu fyrir pappír sem var hlaðið.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Farðu í skref 4.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu pappírsstærð og gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.  <b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vertu viss um að stillingar samsvari pappírnum sem var hlaðið í skúffuna.</li> <li>• Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappírsstærð/gerð</b> Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á <b>OK</b> til að fletta um stillingarnar.</li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Farðu í skref 5.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 5</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu pappírinn, snúið honum við og hlaðið honum aftur.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Farðu í skref 6.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 6</b></p> <p><b>a</b> Settu í pappír úr nýjum pakka.  <b>Athugasemd:</b> Pappírinn dregur til sín raka vegna þess að rakastig er hátt. Geymdu pappír í upphaflegum umbúðum þar til það á að nota hann.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er pappírinn krullaður?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Útprintun skáhallandi eða skökk



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Færðu stýringar í skúffunni í rétta stöðu fyrir pappír sem var hlaðið.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er útprintun skáhallandi eða skökk?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Settu í pappír úr nýjum pakka.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Pappírinn dregur til sín raka vegna þess að rakastig er hátt. Geymdu pappír í upphaflegum umbúðum þar til það á að nota hann.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er útprintun skáhallandi eða skökk?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort pappír sem var hlaðið sé studdur.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef pappír er ekki studdur, settu í pappír sem er studdur.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er útprintun skáhallandi eða skökk?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Fyrir prentun á tvær hliðar, athugaðu hvort stilling á pappírsstærð í tvívirtri (duplex) einingu sé stíllt rétt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Bréf, lagalegt, Oficio eða fólió verður að stilla á Bréf.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er útprintun skáhallandi eða skökk?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Heilar svartar síður



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef blekhylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentarinn að prenta heilar svartar síður?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeinguna og settu inn aftur.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeingunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentarinn að prenta heilar svartar síður?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p>Athugaðu myndvalsinn varðandi skemmdir.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Athugaðu að ljósnæma tromlan sé ekki bogin eða í rangri staðsetningu.</p> <p>Er myndvalsinn laus við skemmdir?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Farðu í skref 4.
<p><b>Skref 4</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeinguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Er prentarinn að prenta heilar svartar síður?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.


## Skorið af texta eða myndum



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef blekhylikið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Skorið af texta eða myndum?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeininguna og settu inn aftur.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeiningunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Skorið af texta eða myndum?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeininguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Skorið af texta eða myndum?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Prentlitur nuddast auðveldlega af



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef blekhylikið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Nuddast prentlitur auðveldlega af?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.</p> <p><b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Nuddast prentlitur auðveldlega af?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Láréttar ljósar rendur



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyliki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru láréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeininguna og settu inn aftur.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu tromluna undir myndeiningunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru láréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um myndeininguna.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru láréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Lóðréttar ljósar rendur



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru lóðréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Athuga stöðuna á blekhylkinu. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á: <b>Stillingar &gt; Skýrslur &gt; Tæki &gt; Tölfræði tækis</b></p> <p><b>b</b> Athugaðu stöðuna á blekhylkinu í kafla upplýsingar um rekstrarvörur á prentuðu síðunum.</p> <p>Eru lóðréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Farðu í skref 3.	Vandamálið er leyst.
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Skiptu um blekhylki.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru lóðréttar ljósar rendur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a> .	Vandamálið er leyst.

## Lóðréttar hvítar línur




**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt. <b>Athugasemd:</b> Ef hylkið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru lóðréttar hvítar línur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	Farðu í skref 2.	Vandamálið er leyst.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Það fer eftir þínu stýrikerfi, skilgreindu gerð pappírs í kjörstillingum prentunar eða í samskiptum prentunar.</p> <p><b>Athugasemdir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vertu viss um að stillingin samsvari pappírnum sem var hlaðið.</li> <li>• Þú getur einnig breytt stillingunni á stjórnborði prentarans. Farðu á <b>Stillingar &gt; Pappír &gt; Uppsetning skúffu &gt; Pappír-sstærð/gerð</b></li> </ul> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Eru lóðréttar hvítar línur að birtast á því sem verið er að prenta?</p>	<p>Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a>.</p>	<p>Vandamálið er leyst.</p>

## Lóðréttar dökkrar rákir



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu skaltu fletta á **Stillingar > Bilanaleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhyli frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef blekhylið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtast lóðréttar dökkrar rákir á því sem verið er að prenta?</p>	<p>Farðu í skref 2.</p>	<p>Vandamálið er leyst.</p>
<p><b>Skref 2</b></p> <p><b>a</b> Fjarlægðu myndeinguna og settu inn aftur.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki láta myndvalsinn vera í beinu ljósi meira en 10 mínútur. Löng viðvera í ljósi gæti valdið gæðavandamálum við prentun.</p> <p><b>Viðvörðun—hugsanleg hættu:</b> Ekki snerta ljósnæmu trombluna undir myndeingunni. Sé það gert getur það haft áhrif á prentgæði prentverka í framtíðinni.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtast lóðréttar dökkrar rákir á því sem verið er að prenta?</p>	<p>Farðu í skref 3.</p>	<p>Vandamálið er leyst.</p>



Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 3</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort bjart ljós kemst inn um hægri hlið prentarans og færðu prentarann ef þörf krefur.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtast lóðréttar dökkar rákir á því sem verið er að prenta?</p>	<p>Hafa samband við <a href="#">stuðning viðskiptavina</a>.</p>	<p>Vandamálið er leyst.</p>


## Lóðréttar dökkar línur eða rákir



**Athugasemd:** Prenta gæðaprófunarsíður áður en reynt er að leysa vandamálið. Frá stjórnborðinu, farðu á **Stillingar > Villuleit > Prenta gæðaprófunarsíður**. Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

Aðgerð	Já	Nei
<p><b>Skref 1</b></p> <p><b>a</b> Athugaðu hvort prentarinn er að nota ekta blekhylki frá Lexmark eða hylki sem er stutt.</p> <p><b>Athugasemd:</b> Ef blekhylikið er ekki stutt, settu í hylki sem er stutt.</p> <p><b>b</b> Prentaðu skjalið.</p> <p>Birtast lóðrétt dökk strik eða rákir á því sem verið er að prenta?</p>	<p>Farðu í skref 2.</p>	<p>Vandamálið er leyst.</p>
